



Takmarkaðu aðgang fólks að svínunum þínum.

- Tryggðu að þeir sem þurfa að vera í snertingu við svínin skipti yfir í hreinan skófatnað, galla o.s.frv. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir fólk sem hefur verið í snertingu við dýr erlendis.

Ef þú hefur verið í snertingu við húsdýr eða villt dýr í öðrum löndum verður þú að **bíða í tvo sólarhringa** eftir komu til landsins áður en þú ferð á svínabú hér á landi.

- Farðu í sturtu og þvoðu á þér hárið áður en þú ferð á svínabú hér á landi.
- Þvoðu föt, sem hafa komist í snertingu við dýr í öðrum löndum, við að minnsta kosti 60°C, og þvoðu og sótthreinsaðu skófatnað.

Ekki gefa búfénaði matarleifar óháð því hvaðan maturinn er upprunninn.

Ef svínin þín eru með sjúkdómseinkenni sem líkjast einkennum alvarlegra svínasjúkdóma er mikilvægt að þú **tilkynnir það tafarlaust til Mast**.

- Dæmigerð einkenni afrískrar svínapestar og klassískrar svínapestar eru: hár hiti, minnkuð matarlyst, litabreytingar á húð og skyndilegur dauði.
- Helstu einkenni gin- og klaufaveiki eru: hiti, blöðrur á fótum og trýni, og skyndilegur dauði smágrísa.